

1. fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

24. mars 2009, kl. 14:00

Fundinn sátu:

Fundarstjóri: Valgerður Sverrisdóttir, formaður

Fulltrúar í samstarfsráði: Drífa Hjartardóttir, Geir Gunnlaugsson, Guðrún Eyjólfsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Haukur Már Haraldsson, Jónas Þ. Þórisson, Katrín Ásgrímsdóttir, Marianna Traustadóttir, Páll Jensson, Ragnar Gunnarsson, Steinunn Gyðu-Guðjónsdóttir, Ulla Magnússon, Þorbjörn Guðmundson og Þórir Guðmundsson.

Starfsmenn utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ): Anna Jóhannsdóttir, Hermann Örn Ingólfsson, Helga Þórarinsdóttir, Jónas G. Allansson, Þórður Bjarni Guðjónsson og Þórdís Sigurðardóttir.

Inngangsorð formanns

Formaður setti fundinn og bauð fulltrúa í samstarfsráðinu velkomna til fyrsta fundar ráðsins.

Í inngangsorðum vísaði formaður til þess að ráðið starfi skv. lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu nr. 121/2008 sem tóku gildi þann 1. október 2008. Tilkoma ráðsins skapi nýjan grundvöll fyrir aðkomu þeirra aðila sem um þróunarmál fjalla að umræðu um stefnumörkun stjórnvalda í málaflokknum. Lagði formaður áherslu á að þar sem stjórnvöld fikri sig inn á nýjar brautir með störfum samstarfsráðsins muni taka nokkurn tíma að móta og þróa störf þess.

Formaður upplýsti að hann muni að loknum fundinum rita utanríkisráðherra bréf þar sem fjallað verði um efnisatriði hans og þær skoðanir sem fram komi í umræðum. Einnig verða haldnar fundargerðir um fundi ráðsins. Sviðsstjóri þróunarsamvinnusviðs utanríkisráðuneytisins mun gegna hlutverki ritara ráðsins.

1. Almenn umræða um þróunarsamvinnu Íslands

Ný lög um þróunarsamvinnu Íslands og breytt skipulag innan utanríkisráðuneytisins voru kynnt. Fjallað var um hvernig þróunarsamvinna stjórnvalda hefur breyst og mótast á síðustu tíu árum, hvernig framlög til málaflokksins hafa vaxið og leitt til virkari þátttöku í alþjóðlegri

þróunarsamvinnu. Greint var frá helstu markmiðum með setningu laganna og helstu efnisatriðum þeirra.

Í umræðum fjölluðu fulltrúar um hlutverk samstarfsráðsins og þróunarsamvinnunefndar og drög að reglugerð um framkvæmd þróunarsamvinnu Íslands sem dreift hafði verið í fundargögnum. Rætt var um áherslur í þróunarsamvinnu Íslands, áhrif niðurskurðar í ríkisfjármálum á þróunaraðstoð, um skilgreiningu markmiða, áherslur Íslands m.t.t. þúsaldarmarkmiða SP, um aðkomu háskólasamfélagsins og þátttöku frjálsra félagasamtaka. Ákveðið var að starfsemi félagasamtaka verði kynnt nánar á næsta fundi samstarfsráðsins.

2. Þróunarsamvinna stjórnvalda 2009

Greint var frá áherslum og verkefnum stjórnvalda í þróunarsamvinnu á árinu 2009 í þremur kynningum: i) marghliða samstarf við alþjóðastofnanir og stuðningur við félagasamtök á sviði mannúðar- og neyðaraðstoðar; ii) tvíhliða þróunarsamvinna á vegum ÞSSÍ; og iii) framlag Íslands til friðaruppbyggingar og endurreisnar á ófriðarsvæðum.

Umræður snerust um áherslur í verkefnavali í samstarfslöndum Íslands, eðli þeirra starfa sem Íslendingar taka þátt í á sviði friðaruppbyggingar og verklagsreglur við undirbúning þróunarverkefna og samstarfs við alþjóðastofnanir. Þá var fjallað um þau áhrif og tækifæri sem felast í nýrri lagaumgjörð fyrir starfsemi ÞSSÍ.

Greint var frá því að innan utanríkisráðuneytisins sé í undirbúningi vinna við gerð áætlunar um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til næstu fjögurra ára sbr. ákvæði 3. gr. þróunarsamvinnulaga. Drög að áætluninni verða til umfjöllunar í samstarfsráðinu og þróunarsamvinnunefnd.

3. Önnur mál

Engin

Fundi slitið kl. 16:40